

Reglugerð um svæðisfulltrúa

1. grein:

Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun svæðisfulltrúa og hvar þeir skulu vera staðsettir.

2. grein:

Á félagssvæðinu skulu starfa 3 svæðisfulltrúar og 3 varamenn þeirra. Þeir eiga að vera staðsettir utan Akureyrar.

3. grein:

Svæðisfulltrúi er sjálfkjörinn í stjórn félagsins. Varamaður svæðisfulltrúa tekur við störfum hans í stjórn félagsins ef svæðisfulltrúinn forfallast um lengri tíma af einhverjum orsökum. Varamaður svæðisfulltrúa er sjálfkjörinn í trúnaðarráð félagsins.

4. grein:

Svæðisfulltrúa og varamann hans skal kjósa til tveggja ára í senn á almennum félagsfundum á viðkomandi svæði/þéttbýlisstað. Sá fundur skal haldinn fyrir 1. mars og skal boðaður með a.m.k. viku fyrirvara og auglýstur á öllum helstu vinnustöðum félagsmanna á svæðinu. Fyrst skal kjósa svæðisfulltrúa og að því loknu varamann hans. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í báðum tilvikum.

5. grein:

Verkefni svæðisfulltrúa eru:

- Að boða að lágmarki til eins almenns fundar á hverju starfsári.
- Að hafa frumkvæði að frekari fundarhöldum á staðnum ef þurfa þykir.

6. grein:

Almennir fundir skulu haldnir á viðkomandi svæði þegar minnst 10 fullgildir félagsmenn á svæðinu krefjast þess skriflega, enda sé fundarefni tilgreint af þeim er kröfuna gera.

7. grein:

Kostnaður af starfsemi svæðisfulltrúa greiðist úr félagssjóði, en allar fjárskuldbindingar verða, áður en til þeirra er stofnað, að hljóta samþykki stjórnar félagsins.

8. grein:

Svæðisfulltrúi hefur eftirlit með að trúnaðarmenn séu kosnir eða skipaðir á vinnustöðum svæðisins.

9. grein:

Stjórn félagsins getur falið svæðisfulltrúa að vinna ákveðin verkefni í sínu umboði.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju þann 16. apríl 2024.